

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008, Klausturhólar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008 frá 21. maí 1990.

Breytingin varðar breytta landnotkun á opnu óbyggðu svæði austan Klausturhóla sem breytist í íbúðabyggð með tilheyrandi akstursaðkomu og breytingu á opnu óbyggðu svæði sunnan Klausturhóla á þann veg að þar verði opinberar stofnanir með tilheyrandi þjónustuaðkomu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 6. mars 2001.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*